

# Farsæld barna – flutningur mála

**Sjá nánar:** [Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna](#), [reglugerð um tengiliði og málstjóra og reglur um tilgang](#) og [aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga](#) sem fer fram á grundvelli laga nr 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

## 1. Flutningur máls milli tengiliða

Í lögnum er lögð áhersla á að tryggja samfelli í þjónustu við börn. Ef aðstæður barns breytast s.s. að barna byrjar í leikskóla skal tengiliður heilsugæslunnar tryggja það að nýr tengiliður barnsins fái þær upplýsingar um aðstæður barnsins til að geta gegnt hlutverki sínu. Tengiliður flytur mál ávallt í samráði og samtali við foreldra. Þegar nýr tengiliður hefur tekið við hefur fyrri tengiliður ekki lengur heimild til að vinna upplýsingar um barnið.

- Tengiliður á heilsugæslu hefur samband við tengilið leikskólann sem barnið er að fara á og óskar eftir skilafundi með símtali eða fundi.
- Ef um fund er að ræða eru göng um samþættingu þjónustu afhent á pappír. Ef um símtal er að ræða þurfa gögnin að fara í gegnum Signet Transfer eða ábyrgðarpóst og senda á leikskólann eða skólþjónustuna.

**Gögn sem þarf að skila til tengiliðs leikskóla.**

- ✓ **Undirrituð beiðni um samþættingu þjónustu**
- ✓ **Frummat tengiliðar**
- ✓ **Áætlunargerð tengiliðar**
- ✓ **Annað sem skiptir máli fyrir vinnslu máls**

## 2. Flutningur máls frá tengilið til málstjóra

Ef úrræði á fyrsta þjónustustigi eru fullreynd og metið er sem svo að nauðsynlegt sé að setja saman stuðningsteymi ætti tengiliður að hafa samband við málstjóra farsældar og meta hvort þörf sé að færa málið yfir til hans. Haft er samband við félagsþjónustu viðeigandi sveitarfélags þar sem málstjóri farsældar er staðsettur.

Mikilvægt er að tengiliður farsældar kynni sér vel boðleiðir og verkferla sveitarfélags um það hvernig málum barna er komið áfram til málstjóra farsældar. Útfærslur eru þó ólíkar milli sveitarfélaga.



**Ítarefni: Leiðbeinandi verklag um flutning máls, Barna- og fjölskyldustofa.**

[https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/2VDJZGSHTGAlanOygrjBgo/4408250b3a061676f5819f85374ce800/Flutningur\\_ma\\_la.pdf](https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/2VDJZGSHTGAlanOygrjBgo/4408250b3a061676f5819f85374ce800/Flutningur_ma_la.pdf)